



Fundargerð

Fimmtudaginn 27. febrúar 2020 var fundur haldinn í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 14.30 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar að Túnbraut 1-3. Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Jón Gíslason, Dagný Úlfarsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir og Sigurgeir Þór Jónasson.

Auk þess sat fundinn Alexandra Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri byggðasamlagsins. Formaður stjórnar, Jón Gíslason setti fundinn og stjórnaði honum. Framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Framlenging á tímabundinni ráðningu félagsmálastjóra í afleysingum

Fyrir fundinum lá framlenging á tímabundinni ráðningu Ásdísar Ýrar Arnardóttur félagsmálastjóra í afleysingum. Var framkvæmdastjóra falið að undirrita samning.

2. Framkvæmdir á vegum byggðasamlagsins

a. Hnitbjörg

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu framkvæmda við Hnitbjörg, en endurbótum á annarri íbúð í kjarnanum lauk í byrjun árs. Fyrirhugaðar eru framkvæmdir á þriðju íbúðinni á árinu en ákvörðun var tekin um að láta endurmeta kostnað við endurbætur áður en sú vinna hefst.

b. Sæborg

Framkvæmdastjóri greindi frá vettvangsskoðun sem farin var á Sæborg og þeim viðhaldsframkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á húsnæðinu.

c. Skúlabraut 22

Fyrir fundinum lá samantekt um úrbætur sem óskað er eftir á húsnæðinu. Rætt var um viðhaldsþörf og framkvæmdastjóra falið að vinna úr samantektinni. Stjórn var sammála um að þar sem til stendur að fara í byggingu á nýju íbúðaheimili fyrir fatlað fólk væru ekki forsendur fyrir því að fara í meiriháttar framkvæmdir við húsið.

3. Erindi Húnavatnshrepps dags. 3. janúar 2020

Með erindinu er tilkynnt um bókun sveitarstjórnar Húnavatnshrepps þar sem segir að ekki séu gerðar athugasemdir við fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónustunnar 2020 né kostnaðarskiptingar á milli sveitarfélaga.

4. Önnur mál

Stjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að fundur verði haldinn í Þjónusturáði málefna fatlaðs fólks, en síðasti fundur var haldinn 10. september. Var framkvæmdastjóra falið að koma þeirri beiðni á framfæri við framkvæmdastjóra þjónusturáðsins.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:50



Félags- og skólajónusta A- Hún

Stjórn:

Jón Gíslason
Jón Gíslason
Péturína L. Jakobsdóttir
Péturína L. Jakobsdóttir
Dagný Úlfarsdóttir
Dagný Úlfarsdóttir
Sigurgeir Þ. Jónsson
Sigurgeir Þór Jónsson

Starfsmenn:

Alexandra Jóhannesdóttir
Alexandra Jóhannesdóttir